

248/49

Fundur haldinn í héraðsráði sunnudaginn 9. sept. 2007 kl. 11:00 á Pottinum og pönnunni.
Mættir voru: Adolf H. Berndsen, Tryggvi Jónsson, Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson og Valgarður Hilmarsson

Dagskrá:

1. Viðhald Hnitbjarga
 2. Bréf Byggðasafnsins Reykjum
 3. Bréf SSNV
 4. Atvinnumál.
 5. Önnur mál
-
1. Oddviti og framkvæmdastjóri skýrðu frá fundi þeirra með Línuhönnun og PVG (gluggaframleiðanda) um verðboð í glugga og viðgerðir á svölum Hnitbjarga. Samþykkt var að ganga til samninga við PVG um kaup á gluggum og að leita eftir verðboðum frá heima aðilum um ísetningu gluggana og annað sem vinna þarf á staðnum. Óskað verður eftir því að Línuhönnun vinni áfram að málinu. Farið yfir mögulega fjármögnun, unnið verður frekar að því til næsta fundar.
 2. Bréf frá Byggðasafninu á Reykjum þar sem óskað er eftir aukafjárveitingu vegna viðhaldsverkefna. Samþykkt að vísa erindinu til endurskoðunnar fjárhagsáætlunar.
 3. Bréf frá SSNV þar sem óskað er eftir tilnefningu í starfshóp um heilbrigðismál. Rætt var um nýja reglugerð um heilbrigðisumdæmi. Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við HSB og heilbrigggðisráðuneytið. Frestað að tilnefna í hópinn til næsta fundar.
 4. Umræða varð um atvinnumál. Samþykkt að óska eftir við starfshóp sem vann að því að koma Eyjareyjar svæðinu á framfæri sem valkosti við iðnaðaruppbyggingu að hann vinni áfram (og þá í samstarfi við SSNV atvinnuþróun og stjórnvöld.) Framkvæmdastjóra falið að boða fund í hópnum.

Fleira ekki gert fundi slitið kl.12:20.

Adolf H. Berndsen

Valgarður Hilmarsson

Tryggvi Jónsson

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson